



Reykjavík, 06. mars 2024

USK23110178

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framkvæmdir við Arnarnesveg

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Af fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. desember 2023:

Löggjafarinn á nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framkvæmdir við Arnarnesveg, sbr. 40. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Af fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023:

Nú eru hafnar framkvæmdir við Arnarnesveg. Þar hefur þegar skapast slyshætta. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvemig skipulagsyfirlöngun hefur bregðast við, hvaða mótvægisáðgerðir verða til að tryggja öryggi við framkvæmdasvæðið? Gryfja hefur verið grafin. Auðvelt er að komast inn á svæðið og ekki er búið að girða af fyrir ofan hana. Þarna er hættuleg fallhætta. Þarna er vinsælt gönguferð með hunda en í myrkri mjög varasöm.

Svar við fyrirspurn:

Vegagerðin hefur yfirumsjón með framkvæmdum við Arnarnesveg og eftirlit með þeim. Verktakinn sem er að framkvæma verkið hefur sótt um og fengið úthlutað afnotaleyfi frá Reykjavíkurborg.

Í skilmálum afnotaleyfis kemur fram að:

„Leyfishafi ber ábyrgð á að tryggja öryggi á afnotaleyfissvæði og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum, þar með talið á öryggisráðstöfunum, leiðbeiningum og vinnusvæðamerkingum. Ábyrgð þessi hefst við upphaf afnotaleyfis og lýkur við það að leyfisveitandi samþykkir tilkynnt lok leyfishafa. Leyfishafi má því ekki fjarlægja viðeigandi öryggisráðstafanir/leiðbeiningar/vinnusvæðamerkingar fyrr en eftir að leyfisveitandi hefur samþykkt verklok framkvæmdanna.“

Í byrjun desember 2023 var lokið við að girða af framkvæmdasvæðið og einnig fjarlægja allt laust efni úr vegstæðinu.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds